

Fríðhelgi einkalífs verði virt

● Persónuvernd svarar innanríkisráðuneytinu um birtingu úrskurða í málum hælisleitenda ● Gætt sé meðalhófs við birtingu persónuupplýsinga ● Upplýsingar um t.d. heimaland séu afmáðar í úrskurðum

SVIÐSLÓÐ

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is



Persónuvernd árettar í svari sínu til innanríkisráðuneytisins að við birtingu úrskurða í útlendingamálum verði að gæta þess að fríðhelgi einkalífs sé virt. Gæta beri meðalhófs við birtingu persónuupplýsinga svo og þess að nöfn, kennitölur og eftir atvikum önnur auðkenni, sem geta persónugreint einstaklinga, birtist ekki.

Innanríkisráðuneytið sendi Persónuvernd bréf í mars sl. en ráðuneytið hafði þá hafið birtingu úrskurða í málefnum útlendinga, t.d. vegna umsóknna um hæli, á vefnum úrskurdir.is. Fram kom í bréfinu að

úrskurðir yrðu áður hreinsaðir af nöfnum og öðrum persónuauðkennum og viðkvæmum upplýsingum. Meðfylgjandi til Persónuverndar voru drög að úrskurði í máli útlendingis sem óskaði hafði eftir hæli á Íslandi. Taldi ráðuneytið nauðsynlegt að fram kæmi land það sem viðkomandi einstaklingur kæmi frá, þar sem niðurstaða ráðuneytisins byggðist á mati á ástandi mála og stöðu viðkomandi í því landi. Óskaði ráðuneytið eftir álitum Persónuverndar á því hvort það gengi gegn persónuverndarsjónarmiðum að birta þessar upplýsingar í úrskurðinum.

Í upphafi svar síns telur Persónuvernd það ekki hlutverk sitt að taka bindandi afstöðu fyrirfram til lögmatris birtingar einstakra úrskurða stjórnvalda. Þau verði sjálf að meta



Morgunblaðið RAX
Hæli Frá mótumálum í ráðuneytinu við brottvísun hælisleitanda 2009.

þau sjónarmið sem á geti reynt en Persónuvernd ákvað að veita ráðuneytinu almenna leiðsögn.

Í svari Persónuverndar er bent á að ekki hafi hvílt lagaskylda á ráðuneytinu til að birta úrskurði sína á sviði útlendingamála. Hinn 1. janúar 2015 mun sérstök kærunefnd taka við úrskurðarhlutverki ráðuneytisins á því málefnaviði.

Segir Persónuvernd ennfremur að í íslenskum lögum sé hvergi að finna heimild ráðuneytis til að birta viðkvæmar persónuupplýsingar í úrskurðum í útlendingamálum. Slík heimild sé heldur ekki til staðar hjá fyrrnefndri kærunefnd.

Á svari Persónuverndar má ráða að birting upplýsinga um heimaland umsækjenda falli undir persónuauðkenni og geti persónugreint ein-

staklinga. Slíkar upplýsingar þurfi að afmá í úrskurðum. Bendir Persónuvernd á að stjórnvöld hafi almennt við birtingu á úrskurðum sínum afmáð persónuauðkenni einstaklinga. Í samræmi við þessa stjórnsluvenju sé sérstaklega mælt fyrir um að nýja kærunefndin skuli birta úrskurði sína án nafna, kennitalna eða annarra persónugreinanlegra auðkenna.

Til skoðunar í ráðuneytinu

Jóhannes Tómasson, upplýsingafultrúi í innanríkisráðuneytinu, segir ráðuneytið ekki hafa tekið afstöðu til bréfs Persónuverndar og þá hvort upprunaland umsækjenda verði afmáð úr úrskurðum. Hann segir að ekki hafi ummist tími til að setja fleiri úrskurði á úrskurðarvefnum.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2014, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. júlí 2014 og önnur gjaldfallin á löngd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2014, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skatttranssóknarstjóra, ofgreiddri uppþótt á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis og álöngdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldenda. Fjárnámssgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem löngveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2014

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn í Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsvík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Færri umsóknir en frá fleiri ríkjum

● Útlendingastofnun fengið 71 umsókn um hæli frá áramótum


Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is

Það sem af er ári hefur Útlendingastofnun fengið 71 umsókn um hæli hér á landi. Það er nokkru minna en á sama tíma í fyrra, þegar 111 umsóknir höfðu borist, en skýring á fækkuninni er einkum sú mikill fjöldi hælissóknanna kom á fyrri hluta síðasta árs frá Króatíu og Albaníu, eða 40 frá Króatíu og 22 frá Albaníu.

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hafa engar umsóknir borist frá króatískum ríkisborgurum það sem af er þessu ári og fáar umsóknir frá albönskum ríkisborgurum.

Helmingi fleiri ríki

Eins og sést á meðfylgjandi síulriti hefur hælissóknunum fjölgað verulega á síðustu árum, eða úr 51 umsókn allt árið 2010 í 172 umsóknir á síðasta ári. Aukningin á þessum fjórum árum er 237%. Á síðasta ári varð 45% fjölgun umsókna á milli ára og skýrist sem fyrr segir að mestu leyti vegna umsókna frá Króatíu og Albaníu. Á þessu ári hefur það gerst að fjölbreytileiki eftir ríkisfang hælisleitenda er sá mesti sem stofnunin hefur fengið og því ekki borið á stórum hópum frá einstökum ríkjum



líkt og á síðasta ári. Koma umsækjendur frá helmingi fleiri ríkjum en á síðasta ári. Þetta hefur í för með sér að þótt umsóknirnar séu færri en á sama tíma þá tekur úrvinnsla þeirra meiri tíma þar sem þær koma frá fleiri ríkjum. Upplýsingar fengust ekki að svo stöddu hjá Útlendingastofnun um hvaða afgreiðslu hælissóknir þessa árs hefðu fengið, og hve margir hefðu fengið dvalarleyfi.

Í umfjöllun Sunnudagsblads Morgunblaðsins í mars sl. um mál-efni hælisleitenda kom m.a. fram að þrefalt fleiri einstaklingar áttu hælismál til meðferðar í lok árs 2012 en í lok 2008. Haft var eftir upplýsingafultrúa Rauða krossins, Sólveigu Ólafsdóttur, að langur biðtími eftir úrlausn mála hefði slæm áhrif á andlega og líkamlega heilsu hælisleitenda.

Andlát

Snorri Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri

Snorri Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri Vesturlands, lést á Heilbrigðisstofnuninni á Akranesi 9. júlí sl., 83 ára gamall. Snorri fæddist 31. júlí 1930 á Hvassafelli í Norðurárdal og ólst þar upp. Foreldrar hans hétu Þorstein Snorrason og Sigurlaug Gísladóttir. Snorri lauk stúdentsprófi frá MR 1952 og nam við Háskóla Íslands og The City of London College. Hann kenndi lengi við Samvinnuskólann á Bifrost og var síðasti farkennarinn í Mýra-



sýslu. Snorri var fræðslustjóri Vesturlands 1975-1996 og forstöðumaður Skóla-skrifstofu Vesturlands, utan Akraness, 1996-2000.

Snorri var félagi í Rótarýklúbbi Borgarness, umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi 1999-2000 og var verðandi forseti klúbbsins 2014-2015. Hann skrifaði mörg rit og greinar um ýmis söguleg efni.

Snorri var kvæntur Eygló Guðmundsdóttur, sem lést 2012. Dóttir Eyglóar er Margrét Guðjónsdóttir og á hún þrjú börn.